

Skátamót ehf.

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6

Skátamót ehf.

Kennitala 630514-0610

Hraunbæ 123, 110 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Skátamót ehf. var stofnað á árinu 2014 og er tilgangur félagsins að halda og skipuleggja skátamót og/eða sambærilega viðburði á vegum Bandalags íslenskra skáta eða í samstarfi við aðra aðila og annar skyldur rekstur. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Starfsemin á árinu

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu sem nam 27,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og nam eigið fé félagsins 36,1 millj. kr. í árslok 2024 samkvæmt efnahagsreikningi. Ekki er gerð tillaga um arðgreiðslu vegna ársins, en vísað er til ársreikningsins varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Skátamót hafa þann tilgang að halda utan um undirbúning og framkvæmd viðburða á vegum BÍS sem og ferðir á stór erlend skátamót. Hæst ber að nefna Landsmót skáta sem haldið var á árinu 2024. Á árinu 2024 var enginn starfsmaður á launaskrá Skátamóta þar sem starfsmenn BÍS sinna störfum fyrir Skátamót í gegnum þjónustusamning milli félaga.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Eignaraðild

Hlutfé félagsins við stofnun þess og við lok tímabilsins nam 1 millj. kr. og er allt í eigu Bandalags íslenskra skáta, kt. 440169 - 2879.

Stjórn Skátamóta ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. mars 2025

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og hluthafa Skátamóta ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Skátamóta ehf. fyrir árið 2024 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 17. mars 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir
lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Landsmót - tekjur		122.567.290	0
Styrkir og aðrar tekjur		2.031.000	0
		<u>124.598.290</u>	<u>0</u>
Rekstrargjöld			
Landsmót - gjöld		83.596.986	0
Laun og annar starfsmannatengdur kostnaður	6	16.424.000	4.923.181
Annar rekstrarkostnaður	7	1.168.294	556.530
		<u>101.189.280</u>	<u>5.479.711</u>
Rekstrar (-tap) hagnaður		23.409.010	(5.479.711)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		3.714.679	1.163.251
Vaxtagjöld		(14.152)	0
Gengismunur		10.404	(22.031)
		<u>3.710.931</u>	<u>1.141.220</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>27.119.941</u>	<u>(4.338.491)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	2024	2023
Veltufjármunir			
Verðbréfaeign		12.408.606	12.214.980
Fyrirframgreiddur kostnaður MOOT 2025 / Landsmót		1.652.517	1.026.329
Aðrar skammtímakröfur		207.000	182.848
Handbært fé		<u>32.296.482</u>	<u>1.205.718</u>
		46.564.605	14.629.875
Eignir samtals		<u><u>46.564.605</u></u>	<u><u>14.629.875</u></u>
Eigið fé og skuldir		2024	2023
Eigið fé			
Hlutfé		1.000.000	1.000.000
Lögbundinn varasjóður		250.000	250.000
Óráðstafað eigið fé		<u>34.866.020</u>	<u>7.746.079</u>
	3	36.116.020	8.996.079
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Varasjóður		<u>3.000.000</u>	<u>3.000.000</u>
		3.000.000	3.000.000
Skammtímaskuldir:			
Skuld við tengda aðila	5	2.001.500	2.001.500
Fyrirframinnheimtar tekjur MOOT 2025 / Landsmót		2.220.030	622.675
Aðrar skammtímaskuldir		<u>3.227.055</u>	<u>9.621</u>
		7.448.585	2.633.796
Skuldir samtals		10.448.585	5.633.796
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>46.564.605</u></u>	<u><u>14.629.875</u></u>
Aðrar upplýsingar	4		

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Nafn félagsins er Skátamót ehf. og er tilgangur þess að halda og skipuleggja skátamót og/eða sambærilega viðburði á vegum Bandalags íslenskra skáta eða í samstarfi við aðra aðila og annar skyldur rekstur.

Skátamót ehf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Hraunbæ 123, Reykjavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat stjórnenda séu samkvæmt bestu vitund þeirra geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.2 Tekjur

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

2.3 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.4 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Skýringar

3. Eigið fé

Hlutafé félagsins nemur 1 millj. kr. samkvæmt samþykktum og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2023:				
Staða í ársbyrjun	1.000.000	250.000	14.086.070	15.336.070
Tap ársins			(4.338.491)	(4.338.491)
Staða í árslok	1.000.000	250.000	9.747.579	10.997.579

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2024:				
Staða í ársbyrjun	1.000.000	250.000	9.747.579	10.997.579
Leiðrétting frá fyrra tímabili		0	(2.001.500)	(2.001.500)
Leiðrétt staða í ársbyrjun	1.000.000	250.000	7.746.079	8.996.079
Hagnaður ársins			27.119.941	27.119.941
Staða í árslok	1.000.000	250.000	34.866.020	36.116.020

Leiðrétting hefur verið færð yfir óráðstafað eigið fé vegna skekkju frá fyrri árum tengt sölu á tjöldum. Mótfærslan er á skuld við tengda aðila. Samanburðartölum hefur verið breytt þessu til samræmis.

4. Skattamál

Félagið greiðir ekki opinber gjöld samanber 4. grein laga nr. 90/2003, þar sem félagið ver öllum ágóða sínum til Bandalags íslenskra skáta.

5. Skuldir við tengda aðila

	2024	2023
Skátabúðin ehf.	2.001.500	2.001.500

Sundurliðanir

6. Laun og launatengd gjöld:	2024	2023
Annar starfsmannakostnaður	0	(26.819)
Þátttaka í launagreiðslum Bandalags íslenskra skáta	16.424.000	4.950.000
	<u>16.424.000</u>	<u>4.923.181</u>
7. Annar rekstrarkostnaður:		
Húsaleiga	720.000	300.000
Bókhaldskostnaður og reikningsskil	176.663	170.410
Rekstur tölvukerfis og gjaldfærð áhöld og tæki	190.722	71.354
Skrifstofukostnaður	5.118	0
Annar kostnaður	75.791	14.766
	<u>1.168.294</u>	<u>556.530</u>

Undirritunarsíða

Meðstjórnandi
Þórhallur Helgason

Meðstjórnandi
Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Félagslegur skoðunarmaður
Guðmundur Þór Pétursson

Löggiltur endurskoðandi
Ljósbrá Baldursdóttir

Framkvæmdastjóri
Ragnar Þór Þrastarson

Stjórnarformaður
Guðrún Stefánsdóttir

Félagslegur skoðunarmaður
Hanna Guðmundsdóttir

Félagslegur skoðunarmaður
Elfa Björg Aradóttir